

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



ASA
Þessi
rígheldur!

JPV
JPV UTGAFA
www.fortagid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

27. september 2010
226. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Þekkti frumkvöðlana

Snorri Snorrason tengir saman íslenska flugsögu og ýmsa viðburði í þjóðfélaginu í nýrri bók.

tímamót 14

Frægir heiðra Barða

Páll Óskar og Dikta syngja Bang Gang.

fólk 26




Óhemjur og ólympískt ofát

„Við getum allveg verið stolt af ýmsu sem samfélag; það má. En hættum að hampa óhemjganginum.“



í dag 13

veðrið í dag



BJART MEÐ KÖFLUM víða um land í dag en lítilsháttar skúrir sunnan og vestan til. Vindur verður fremur hægur og hiti á bilinu 8-16 stig.

VEÐUR 4

Styrkur VG dugur stjórninni skammt


Ríkisstjórnin myndi falla yrði gengið til kosninga nú samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Aðeins um helmingur þátttakenda tók afstöðu til stjórnmalaflokkanna. Stuðningur við Hreyfinguna tekur stökk.

KÖNNUN Samfylkingin og Vinstri græn fengu ekki meirihluta þingmanna yrði gengið til kosninga nú þrátt fyrir fylgisaukningu Vinstri grænna milli kannana.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins, sem gerð var síðastliðinn fimmtudag, fengu flokkarnir samtals 48,8 prósent atkvæða og 32 þingmenn, en 33 þarf til að fá meirihluta.

Aðeins um helmingur þeirra sem þátt tóku í könnuninni tóku afstöðu til einhverra þeirra flokka sem sæti eiga á Alþingi í könnuninni. Það sýnir óánægju með hefðbundna flokka, segir Ólafur Þ. Harðarson stjórnmalafraeðingur. Hann segir merkilegt að stjórnin haldi þó svo miklu fylgi þrátt fyrir augljós vandræði. Það sýni að stjórnarandstaða eigi ekki heldur upp á pallborðið.

Fylgi stjórnmalaflokkanna



Stuðningur við tvo flokka eykst þó frá því í síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var 18. mars síðastliðinn. Hreyfingin mælist nú

með stuðning 5,6 prósentu landsmanna, en aðeins 0,3 prósent sögðust styðja flokkinn í mars. Þá hefur stuðningur við Vinstri græn aukist um fimm prósentustig frá því í síðustu könnun og mælist nú 25,6 prósent. Sjálfstæðisflokkurinn mælist sem fyrr stærsti flokkur landsins. Stuðningur við flokkinn minnkar þó um tæp fimm prósentustig milli kannana og er nú 34,6 prósent. Í kosningunum var stuðningurinn 23,7 prósent. Litlar breytingar hafa orðið á stuðningi við Samfylkinguna, 23,2 prósent, svipað og í mars. Það er þó langt undir 29,8 prósentu kjölfylgi flokksins.

Framsóknarflokkurinn tapar talsverðu fylgi. Stuðningur við flokkinn mælist 7,3 prósent, sex prósentustigum minni en í síðustu könnun. Flokkurinn fékk 14,8 prósent í kosningum. - bj / sjá síðu 4



MEISTARAFÖGNUMUR Kári Ársælsson, fyrirlíði Breiðabliks, lyfti bikarum á loft á Stjórnunelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úrslit réðust í Pepsi-deildinni: Blikar meistarar í fyrsta sinn

FÓTBOLTI Breiðablik varð um helgina Íslandsmeistari í knattspyrnu karla í fyrsta sinn í sögu félagsins. Liðinu dugði markalaust jafntefli gegn Stjórnunni þar sem að ÍBV tapaði fyrir Keflavík á sama tíma, 4-1.

„Ég er stoltur af mínum mönnum og hef verið stoltur í allt sumar. Hvernig sem leikurinn hefði farið hefði ég samt verið stoltur,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, í miðjum meistarafögnuðinum.

ÞH jafnaði Breiðablik að stigum með 3-0 sigri á Fram en Blikar urðu ofan á vegna betra markahlutfalls.

- esá / sjá síður 20 og 22



FORSETANUM FAGNAÐ Stuðningsmenn Hugo Chavez, forseta Venesúela, fagna honum fyrir utan kjörstað þar sem Chavez greiddi atkvæði sitt í þingkosningunum í gær. Talið er að stjórnarandstöðuflokkarnir nái sætum af sósíalístaflokki Chavez í kosningum. Kjörstöðum var lokað seint í gærkvöldi. Chavez vonast engu að síður til að halda tveimur, þriðja hluta þingsætanna.

Stefna að því að gera vodka úr Gvendarbrunnvatni að einu af risamerkjum: Semja við breskt stórfyrirtæki

VIÐSKIPTI Íslenska fyrirtækið Iceland Beverage Company stefnir að því að hefja framleiðslu á vodka í Reykjavík innan hálfars og selja hann í Norður-Ameríku, á meginlandi Evrópu og í Kína. „Við höfum unnið að undirbúningi fyrirtækisins í eitt ár. Ætlunin er að gera tegundina okkar að einu af stóru nöfnunum,“ segir Birgir Loftsson, framkvæmdastjóri Iceland Beverage Company, en fyrirtækið stofnaði hann með bróður sínum. Þeir hafa gert samkomulag við bresku fyrirtækjastæðuna Finnburg Switzer International og fjársterkan Breta um fjármögnun tækjakaupa og

rekstur verksmiðjunnar hér. Tækjabúnaður verður smíðaður í Þýskalandi og er gert ráð fyrir að hann komi hingað til lands innan sex mánaða. Stofnkostnaður nemur um hálfum milljarði króna og er ætlunin að framleiða milljón lítra fyrsta árið. Vodkinn verður framleiddur úr Gvendarbrunnvatni og eimaður hér en síðan fluttur í gámum til Shenzhen í Guangdong-héraði í Kína. Þar verður honum tappað á flöskur undir merkjum Glacier Fire Vodka. Viðræður standa yfir um sölu á vodkanum í kínverskum verslanakeðjum. - jab

Eins og hálfars ferðalag: Með Placebo á túr um heiminn

FÓLK Hljóðmaðurinn Finnur Ragnarsson kom nýlega heim eftir að hafa ferðast um heiminn með bresku hljómsveitinni Placebo í eitt og hálf ári, með stuttum hléum.

Aðeins viku eftir að Finnur kom heim eignaðist hann tvíbura með kærustunni sinni. „Þetta var allt planað,“ segir Finnur í léttum dúr og bætir við að það taki sérstaklega á að vera fjarri fjölskyldunni á löngum tónleikaferðum. „Skype er besti vinur rótarans. Þegar búið er að stilla upp og gera klárt, þá sér maður alla í tölvunum á Skypinu heima.“ - afb / sjá síðu 26

mánudagur: FISKUR

Uppskrifin að mánudagsfisknum er á gottimatinn.is

Eldhúsvaskur með lyftitappa og sápuskammtara

Tilboð vikunnar

intra Eurora EU60

Tibóðsverð kr. 69.900,-
Verð áður kr. 116.736,-
* takmarkað magn

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050



Ingó, ertu búinn að vera með magakveisu síðan þú fórst að heiman?

„Við getum allavegana sagt að kjöt í karry frá 1944 sé orðið hálfþeytt og farið að gutla aðeins í maganum.“

Ingólfur Þórarinnsson, tónlistarmaður, saknar eldamennsku móður sinnar eftir að hafa hleypt heimdraganum fyrir nokkru.

Atli Gíslason býst ekki við að fyrrum ráðherrarnir Geir, Árni og Björgvin feti í fótspor Ingibjargar:

Gerðu grein fyrir sínum þætti í júní

ALÞINGI Ólíklegt er að fleiri fyrrverandi ráðherrar skili af sér sérstakri greinargerð um störf sín í aðdraganda bankahrunsins eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, gerði fyrir helgi.

Þetta er mat Atla Gíslasonar, þingmanns VG og formanns þingmannanefndar sem fjallaði um Rannsóknarskýrslu Alþingis um bankahrunið. Þingmannanefndin leggur til að Ingibjörg verði ákærð fyrir vanrækslu í starfi



ATLI GÍSLASON

Nefndin fór þess á leit í maí við þá sem sátu í ríkisstjórnnum frá janúar 2007 og fram að hrúni að þeir gerðu grein fyrir máli sínu. Allir brugðust við með greinargerð um í júní. Svarbréf Ingibjargar Sólrúnar var styst, þrjú blaðsíður samantöl við tæpar 20 síður hjá hinum sem eiga yfir höfði sér að verða færðir fyrir

Landsdóm.

„Þetta voru mjög ítarlegar greinargerðir, nema þá helst frá Ingibjörgu,“ segir Atli.

-jab

Málið fyrir Alþingi í dag

Umræður um tillögur þingmannanefndarinnar hefjast á Alþingi klukkan 10.30 í dag. Þar er bæði lagt til að fjórir fyrrverandi ráðherrar verði færðir fyrir Landsdóm vegna alvarlegrar vanrækslu í starfi og brota gegn lögum á ráðherraábyrgð. Ein tillagan felur í sér að Björgvin G. verði ekki ákærður. Líklegt er að kosið verði um málið í vikunni.

Verði ákveðið að ákærða ráðherrana fyrrverandi tekur við ferli í samræmi við lög nr. 3 frá 1963 um Landsdóm. Í lögum er meðal annars kveðið á um að dómsforseti gefi út stefnu á hendur ákærða og ákveði stefnufrest, sem aldrei skal vera skemmri en þrjár vikur. Dómsforseti ákveður eftir það í samráði við saksóknara og verjanda fyrsta þinghald Landsdóms. Það skal haldið í Reykjavík nema annað sé ákveðið.

Forsætisráðherra Ísraels:

Landnemar sýni stillingu

ÍSRAEL, AP Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, hefur hvatt íbúa landnemabyggðar gyðinga á Vesturbakkanum til að sýna stillingu þrátt fyrir að tíu mánaða bann við byggingaframkvæmdum á svæðinu sé að renna út.



BENJAMIN NETANYAHU

Framkvæmdir á svæðinu eru nú í undirbúningi en Netanyahu hefur lýst því yfir að bannið verði ekki framlent.

Palestínunum hafa hótað því að hætta friðarviðræðum við Ísraela, sem hófust fyrir skömmu, ef bannið verður ekki framlent. Bandaríkjamenn hafa reynt að miðla málum og vonast til að samkomulag geti náðst bráðlega.

-fb

Breski verkamannaflokkurinn:

Ed Miliband er sinn eigin herra

STJÓRN MÁL Ed Miliband, nýr formaður breska verkamannaflokksins, segir að flokkurinn muni ekki hallast til vinstri undir hans stjórn.

Hann hafnar því einnig að hann verði undir hæl verkalýðsfélaga í starfi sínu þrátt fyrir að hafa notið stuðnings þeirra í kosningunum.

„Ég er minn eigin herra,“ sagði Miliband í samtali við BBC. Hann segist vera í miðjunni í stjórnmálum og gefur lítið fyrir viðurnefnið „Rauði Ed“. Miliband sigraði bróður sinn David naumlega í kosningunum en David var lengi vel talinn líklegastur til að hreppa formannsembættið.

-fb



Í SVARTSENGI Umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir við aðkomu ríkisstjórnarinnar að sölu á HS Orku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spyr um lagagrundvöll orkunefndar

Umboðsmaður Alþingis hefur sent stjórnvöldum fyrirspurnir um lagagrundvöll fyrir afskiptum af sölu HS Orku. Spyr einnig um lögmæti nefndar um orku- og auðlindamál. Forstjóri Geysis Green útilokar ekki að þeir muni leita réttar síns.

ORKUMÁL Umboðsmaður Alþingis setur spurningar við lögmæti nefndar um orku- og auðlindamál sem fjallaði um kaup Magma Energy Sweden á hlut Geysis Green Energy í HS Orku. Forsvarsmenn Geysis Green kvörtuðu til umboðsmanns vegna inngripa ríkisstjórnar og yfirlýsinga hennar í málinu.

Nefndin var sett saman í sumar til að meta hvort kaupin stæðust íslensk lög sem og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Umboðsmaður hefur nú sent erindi til forsætisráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra þar sem hann gerir margvíslegar athugasemdir við framgöngu stjórnvalda í málinu.

Í greinargerð rifjar umboðsmaður upp meðferð nefndar um erlenda fjárfestinguna, sem úrskurð-

aði tvisvar að kaup Magma á hlutum í HS Orku stæðust lög.

Spyr hann meðal annars hvaða lagagrundvöllur liggja á bak við stofnun orku- og auðlindanefndarinnar þar sem viðskiptin hafi þegar fengið afgreiðslu af þar til þærum stjórnvöldum og ráðherra. Þá spyr hann einnig hvers vegna sú nefnd sé sett undir forsætisráðherra, en ekki efnahags- og viðskiptaráðherra, sem þó hafi forræði í málefnum erlendra fjárfestinga.

Segja má að grundvallaratriðið í athugasemdum umboðsmanns sé hvort vandaðir stjórnsýsluhættir hafi verið í fyrirrími í afgreiðslu málsins, og tekur Alexander K. Guðmundsson, forstjóri Geysis Green, undir það.

„Ég held að við sem þegnar eigum að geta gengið út frá því að

ef stjórnvöld afgreiða mál með einhverjum hætti þá sé sú afgreiðsla endanleg. Það sé ekki dregið til baka nema það séu einhverjir verulegir hagsmunir í húfi fyrir ríkið.“

Alexander segir að tafirnar sem hafa orðið á málinu gætu valdið Geysi Green töluverðu tjóni. Útilokar hann ekki að fyrirtækið muni leita réttar síns þegar málinu lýkur loks.

„Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gætu valdið okkur miklu tjóni og við þurfum að leita allra leiða til að koma í veg fyrir það. Ein af leiðunum sem við höfðum var að biðla til umboðsmanns um að hann kannaði lögmæti þessara inngripa.“

Umboðsmaður hefur gefið ráðuneytunum frest til 15. september til að svara fyrirspurnunum.

thorgils@frettabladid.is

Bolungarvíkurgöng opnuð:

Samgöngubót með göngum

SAMGÖNGUR Bolungarvíkurgöng voru formlega opnuð við hátíðlega athöfn á laugardag. Ögmundur Jónasson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra klippti á borðann, en honum til aðstoðar var Kristján Möller, fyrrum ráðherra málaflokksins.

Með tilkomu ganganna verður hægt að leggja af veginn um Óshlíð sem hefur tíðum reynst hættulegur yfirferðar, sérstaklega í slæmu veðri.

Göngin eru um fimm kílómetra löng. Framkvæmdir hófust sumarið 2008 og voru aðalverktakar ÍAV og Marti Contractors frá Sviss.

-bj



ILLA FARIN Rútan var afar illa farin eftir slysið, sem átti sér stað á þjóðvegi við Berlín.

MYND/AP

Alvarlegt rútuslys í Berlín:

Tólf pólskir ferðamenn dóu

BERLÍN, AP Að minnsta kosti tólf manns fórust og tugir slösuðust, þar af sjö alvarlega, þegar rúta með pólska ferðamenn um borð lenti í árekstri á þjóðvegi suðaustur af Berlín. Í rútnu voru 49 Pólverjar sem voru á heimleið eftir að hafa verið í frí á Spáni. Talið er að rútan hafi ekið á bíl sem var að aka inn á þjóðveginn og í framhaldinu ók hún á vegrið. Ökumaður bílsins sem klessti á rútna, sem er 37 ára, er á meðal þeirra slösuðu. Rannsókn er hafin á orsökum slyssins.

-fb

Ár flæddu yfir bakka sína og þjóðveg í úrhellisrigningu á SA-landi:

120 manns fastir í Þórsmörk

SAMGÖNGUR Úrhelli var á suðaustanverðu landinu í gær með þeim afleiðingum að vatn flæddi á tveimur stöðum yfir þjóðveginn undir Eyjafjöllum, við Svaðbælisá og Holtsá. Þá jókst svo vatnsmagn í Krossá og öðrum ám í Þórsmörk að í kringum 120 manns urðu þar innlyksa.

„Þetta er mjög sérstakt. Ég hef aðeins einu sinni séð svona áður; vindur er hægur en úrhellisrigning og áin hefur flætt yfir bakka sína,“ segir Klemenz Geir Klemenzson, skálavörður í Húsadal. Hann segir hafa verið vindasamt fyrr um daginn. Síðdegis voru allir vegir úr Mörkinni voru ófærir og taldi Klemenz síðdegis í gær um 35 manns verða að sofa rigninguna af sér í Húsadal. Hann segir fólk hafa orðið rólegra þegar það gerði sér grein fyrir því að það var fast og komst ekki til vinnu.

Klemenz taldi í kringum áttatíu manns innlyksa í Básam og Langadal vegna vatnavaxtanna. Mest var um fólk undir miðjum aldri, þó engin börn. „Það er útséð að enginn fer héðan fyrr en á morgun [í dag],“ segir Klemenz. Miðað við veðurspár í gær má gera ráð fyrir að sjatnað geti í ánum síðdegis í dag.

-jab



MIKILL VATNSELGUR Í ÞÓRSMÖRK Ekki þótti öruggt að fara yfir övenju vatnsmiklar ár í Þórsmörk í gær, að mati Klemenzar Geirs Klemenzsonar skálavörðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENZ

Lífrænt skiptir máli fyrir barnið þitt

- Engin erfðabreytt innihaldsefni
- Ræktað án notkunar meindýraeiturs



HiPP
LÍFRÆNT

Kitlar bragðlaukana

Kiktu í heimsókn á www.hipp.is

FYRIRTÆKI

Sveigjanleg GSM áskrift með eitt mínútuverð óháð kerfi

SKIPTU
REIKNINGNUM
milli fyrirtækis og
starfsmanns

15,5 KR
MÍNÚTAN
óháð kerfi



GSM Samband fyrir fyrirtæki

GSM Samband er sveigjanleg áskriftarleið sem sameinar hagsmuni fyrirtækja og starfsfólks. Fyrirtækið kaupir Grunnáskrift og bætir síðan við mismunandi þökkum, allt eftir þörfum hvers og eins, sem annaðhvort fyrirtækið eða starfsmenn greiða fyrir. Lægra mínútuverð og sveigjanlegar áskriftarleiðir geta lækkað símakostnað fyrirtækisins og starfsfólks.

Það er Síminn 

800 4000 • siminn.is

GENGIÐ 24.09.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	114,71	115,25
Sterlingspund	180,25	181,13
Evra	153,80	154,66
Dönsk króna	20,641	20,761
Norsk króna	19,346	19,460
Svænsk króna	16,711	16,809
Japanskt jen	1,3589	1,3669

SDR 176,76 177,82

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

196,1047

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Premur mönnum bjargað:

Synti 40 metra með líflínu

BJÖRGUN Sigurður Daði Friðriksson í Björgunarsveitinni Kyndli frá Kirkjubæjarklaustri synti á laugardagskvöld um 40 metra með línu yfir á eyri í miðjum Núpsvötum. Þar höfðu þrír menn strandað á bíl.



SIGURÐUR DÁÐI FRÍÐRIKSSON

Björgunarbátur var síðan dreginn út á eyrina og mennirnir á land. Dimmt var þegar björgunarsveitin kom að um klukkan 19 og úrhellisrigning. „Bíllinn stóð mjög tæpt og hallaði. Mennirnir voru komnir út úr bílnum og stóðu einir á eyrinni sem var nánast komin í kaf. Þeir komust ekki að bílnum og höfðu beðið í tvo til þrjá tíma,“ segir Sigurður Daði. Hann fór út í strauminn, vel útbúinn og segist ekki hafa verið í hættu sjálfur. Sundið hafi tekið fljótt af.

- rat

BANDARÍKIN

Uppboð á eignum Lehman

Listaverk Lehman Brothers og undirfyrirtækis þess, Neuberger Berman, seldust fyrir 1,4 milljarða króna á uppboði hjá Sotheby's í New York um helgina. Afraakturinn rennur í uppgjöri protabús Lehman. Á miðvikudaginn verða svo evrópsk listaverk í eigu bankans boðin upp hjá Christie's í Lundúnum.

LEIÐRÉTTING

Ranglega var greint frá því í Fréttablaðinu um helgina að skattahópur fjármálaráðuneytis leggi til að fella niður undanþágu á virðisaukaskatti á áfengi og tóbak í friðhöfum. Einungis er lagt til að undanþága frá vörugjöldum verði felld niður.

Herjólfur mun sigla til Þorlákshafnar ef of illt verður í sjóinn við Landeyjahöfn:

Áætlun helst ef veður leyfir

SAMGÖNGUR Tvær ferðir voru farnar í gærmorgun á áætlun milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja. Eftir það féllu allar ferðir niður vegna veðurs.

Herjólfur tók niðri í Landeyjahöfn í gærmorgun. Að sögn Guðmundar Nikulássonar, framkvæmdastjóra Eimskipa innanlands, var það lítilsháttar og vegna hárrar ölduhæðar en vonskuveður var í Landeyjahöfn. Hann segir að dýpi háí ekki áætlun í dag, hún velti á veðri og ölduhæð. Reyna á að halda áætlun og í athugun að sigla til Þorlákshafnar reynist veður vont.

Fjöldi fólks var fastur í Eyjum í nótt og óvíst hvenær það kæmist í land. Ásta Margrét Grétarsdóttir, sem átti bókaða ferð klukkan 15 í gær, var ósátt við skipulag mála í Vestmannaeyjahöfn. „Mér finnst fyrir neðan allar hellur að farþegar sem eiga bókað í ferðir sem falla niður, gangi ekki fyrir í næstu ferð sem farin er.“ Starfsmaður Landeyjahafnar sem Fréttablaðið náði tali af í gærkvöldi sagði ekki fullbókað í Herjólfur í dag. Verið væri að hringja í alla farþega gærdagsins og bjóða þeim nýja tíma.

- rat



ÁÆTLUN RASKAST Allar ferðir milli lands og Eyja seinni part dags í gær féllu niður vegna veðurs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Jarðskjálftar í Vatnajökli:

Enginn gosórói hefur mælst

SKJÁLFTAVIRKNI Jarðskjálfti sem mældist 3,7 á Richter varð við Hamarinn undir norðvestanverðum Vatnajökli upp úr klukkan hálf tólf á laugardagskvöld. Annar skjálfti hafði orðið á sama stað klukkan rúmlega níu sama kvöld. Sá skjálfti var 3,4 á Richter.

Tuttugu eftirskjálftar hafa fylgt skjálftunum en Hamarinn er megineldstöð suðvestur af Bárðarbungu. Enginn gosórói hefur þó mælst í kjölfarið samkvæmt Veðurstofu Íslands.

- rat

Enn umtalsverð óánægja með hefðbundna flokka

Niðurstöður könnunar benda til þess að jarðvegur sé fyrir ný framboð á landsvísi segir stjórnmálafræðiprófessor. Stuðningur við Vinstri græn og Hreyfinguna eykst milli kannana. Færri styðja Sjálfstæðisflokk.

KÖNNUN Aðeins rétt ríflega helmingur þeirra 800 Íslendinga sem tóku þátt í nýlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins tóku afstöðu þegar spurt var hvaða flokk viðkomandi myndi kjósa yfri efnt til alþingis- kosninga nú.

Alls tóku 51,2 prósent þátttakenda í könnuninni, sem gerð var fimmtudaginn 23. september, afstöðu til einhvers stjórnmálaflokks. Tæplega helmingur þátttakenda, 48,8 prósent, sagðist ýmist ætla að skila auðu, sleppa því að kjósa, eða var óviss hvaða flokkur myndi fá atkvæði sitt ef kosid yrði nú.

„Þetta lágá svarhlutfall sýnir að enn er umtalsverð óánægja með hefðbundna flokka, og jafnframt að það gæti verið jarðvegur fyrir annars konar framboð á borð við Besta flokkinn,“ segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Þegar aðeins er horft til þeirra sem afstöðu tóku til flokka er Hreyfingin það framboð sem bætir við sig mestu fylgi. Flokkurinn mælist nú með stuðning 5,6 prósent kjósenda, en mældist með 0,3 prósent í síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var 18. mars síðastliðinn. Þetta fylgi myndi skila Hreyfingunni þrem-



Þetta lágá svarhlutfall sýnir að enn er umtalsverð óánægja með hefðbundna flokka, og jafnframt að það gæti verið jarðvegur fyrir annars konar framboð á borð við Besta flokkinn

ÓLAFUR Þ. HARÐARSON
PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLA-
FRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

ur þingsætum, sama fjölda og hún er með í dag.

Stuðningur við Vinstri græn eykst einnig milli kannana. Flokkurinn mælist með stuðning 25,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku, en var með 20,6 prósent í síðustu könnun Fréttablaðsins. Flokkurinn fengi samkvæmt þessu sautján þingmenn, en er nú með fimmtán.

Sjálfstæðisflokkurinn er sem fyrr stærsti flokkurinn. Af þeim sem afstöðu tóku sögðust 35,6 prósent


styðja flokkinn. Það er 4,7 prósentustigum lægra hlutfall en í síðustu könnun. Flokkurinn fengi miðað við það 24 þingmenn, en er með sextán í dag.

Stuðningur við Samfylkinguna stendur í stað milli kannana, 23,2 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn í dag. Það myndi skila Samfylkingunni fimmtán þingmenn, þeir eru tuttugu í dag.

Stuðningur við Framsóknarflokkinn dalar verulega. Flokkurinn fengi 7,3 prósent atkvæða yfri gengið til kosninga nú, en fékk 13,3 prósent í síðustu könnun. Flokkurinn fengi fjögur þingsæti miðað við þessa niðurstöðu, en er með níu í dag.

Alls sögðust 2,7 prósent styðja

FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA



Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins frá kosningum 2009 til 23. september 2010.

Borgarahreyfinguna, og fengi flokkurinn engan þingmann miðað við þá niðurstöðu.

Hafa ber í huga að skekkjumörkin í könnuninni eru hærri en áður vegna þess hversu fáir tóku afstöðu til stjórnmálaflokkanna.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 23. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá.

Svarendur skiptust jafnt eftir

kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 51,2 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is

kostur
Spörum og njótum lífsins

Opið alla daga 10-20

Já takk

Hakk á tilboði í dag

Kostur Nautahakk

697 kr/kg
Verð áður: 995 kr/kg

Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

MILT VEÐUR
Það eru mildir dagar framundan en heldur blautir, sérstaklega sunnan- og vestanlands, en norðan til verður líklega nokkuð bjart. Vindur verður fremur hægur í dag og á morgun en það blæs nokkuð hressilega seinni hluta morgundagsins.

Á MORGUN Fremur hægur vindur fram eftir degi.

MIÐVIKUUDAGUR Strekkingur en degur úr vindi síðdegis.

HEIMURINN


Alicante	25°
Basel	18°
Berlín	13°
Billund	14°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	24°
London	18°
Mallorca	24°
New York	20°
Orlando	33°
Ósló	12°
París	16°
San Francisco	26°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz 
– tryggir þína peninga

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að sjá myndir á RIFF?

Já 11%
Nei 89%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að taka slátur?

Segðu skoðun þína á Visir.is.



Formaður félags múslima á Íslandi hefur ekki áhyggjur af andstöðu við mosku:

Telur moskuna eyða fordómum

TRÚMÁL Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, segir andstöðu við byggingu mosku í Reykjavík ekki koma sér á óvart. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins eru tæp 42 prósent landsmanna andvíg byggingunni. Tæp 37 prósent sögðust styðja byggingu mosku.

Salmann segir í viðtali við Fréttablaðið að tölurnar komi honum ekki á óvart. „Það er enn mikil vanþekking á því, hér á landi, hvað felst í því að vera múslimi. En þetta er líka okkar land og okkar borg og ég vil bara hvetja

fólk til að styðja okkur í að búa til þessa menningarmiðstöð og koma okkur í fremstu röð hvað varðar jafnrétti og fallett samfélag.“

Milli 1.000 og 1.500 múslimar eru á Íslandi. Félag múslima sótti fyrst um lóð undir mosku fyrir tíu árum en málið er enn óklárað.

Salmann segist hafa fundið meðbyr með málstað Félags múslima undanfarið og tilkoma moskunnar muni eyða fáfræði og fordómum. „Þetta verður merki um það hvað okkar samfélag er fjölbreytt, að mannréttindi séu virt og ein lög gildi um alla.“



SALMANN TAMIMI Salmann segist ekki kippa sér upp við andstöðu við moskubyggingu í Reykjavík.

Stofnun Vigdísar með átak:

Alþjóðleg miðstöð máls

TUNGUMÁL Rösklega 250 milljónir króna hafa safnast í átaki Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur til byggingar alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar. Þetta var kunnigert í gær í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á Evrópska tungumáladeginum.

Vigdísi Finnbogadóttur var afhent bók með textum 27 rit höfunda, skrifuðum sérstaklega henni til heiðurs. Þá voru stofnuð hollvínasamtökin Vinir Vigdísarstofnunar til stuðnings byggingu tungumálamiðstöðvarinnar. -rat



BÖRN AÐ LEIK Aðgerðir til að tryggja sem flestum börnum vist á frístundaheimilum hafa skilað árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Metaðsókn á frístundaheimili:

Aðeins tíu börn á biðlistum

MENNTUN Aldrei fyrr hafa jafn margir sótt um frístundaheimilisvist fyrir grunnskólabörn hjá Íþrótt- og tómsundasviði Reykjavíkur (ÍTR). Í lok september voru tæplega 3.200 börn skráð miðað við 2.850 á sama tíma í fyrra.

Fram kemur í tilkynningu frá ÍTR að ótullega hafi verið unnið að því að tryggja börnunum vist- og séu nú aðeins tíu börn á biðlista. Sótt var um vistun barnanna eftir að skóli hófst. -jab

Ákærður fyrir líkamsárás:

Einum hótad og öðrum hrint

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega þrítugan karlmann fyrir að hóta tollverði í Leifsstöð lífláti og hrinda síðan hópferðabílstjóra.

Maðurinn hótaði tollverðinum í komusal flugstöðvarinnar. Um leið og hann hótaði honum lífláti sveiflaði hann poka með glerflöskum í átt að honum.

Þá er maðurinn ákærður fyrir líkamsárás. Hann hrinti hópferðabílstjóra sem stóð á bifreiðaplani við flugstöðina þannig að hann féll í götuna og hlaut mar á hægri olnboga. Bílstjórinn krefur árásarmanninn um 300 þúsund krónur í skaðabætur. -js

Ástandið hefur bara versnað og versnað

Þó flóðin í Pakistan hafi ekki verið mikið í fréttum síðustu vikunnar er ástandið þar sums staðar enn að versna, þó fólk í norðurhluta landsins sé byrjað að tínast heim aftur, allslaust. Alistair Grétarsson starfar hjá UNICEF í Pakistan.

PAKISTAN „Ástandið hefur ekki batnað, heldur bara orðið verra,“ segir Alistair Grétarsson, upplýsingafulltrúi UNICEF í Pakistan. Hann hefur starfað fyrir UNICEF á Indlandi en var nýlega fenginn til Pakistans til að leggja hönd á plóginn þar og hefur aðsetur í Islamabad.

„Ég er hér bara til að aðstoða, því það er svo margt að gera og margt um að vera út af flóðunum.“

Flóðin í Pakistan hófust í júlímánuði í kjölfar óvenju mikilla monsúnregnanna, fyrst í norðurhluta landsins og færðust smám saman suður eftir í áttina til sjávar. Talið er að þau hafi kostað meira en tvö þúsund manns lífið, eyðilagt meira en milljón heimili og raskað lífi meira en 20 milljón manns.



ALISTAIR GRÉTARSSON

Alistair segir heildarfjöldann því orðinn meiri en samantlagt af völdum flóðbylgjunnar miklu á Indlandshafi 2004, jarðskjálftans í Kasmír 2005 og jarðskjálftans á Haítí á þessu ári. „Auðvitað hafa ekki næstum því eins margir dáið, en þetta hefur líka gerst allt öðru vísi. Einhver sagði að þetta væri eins og nokkrar tsunami-flóðbylgjur í röð.“

Þetta gerist allt mjög hægt og það er misjafnt eftir landslutum hvernig ástandið er hverju sinni. Í norðurhlutanum er fólk byrjað að fara aftur heim, en þar bíður mikið uppbyggingarstarf.

Fólk er að flytja þangað heim



ÁHUGASAMIR NEMENDUR Í flóttamannabúðum vantar víða bæði leiksvæði fyrir börnin og aðstöðu til skólahalds. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

með ekki neitt, ekki hús, engan mat, enga heilsugæslu og enga skóla.

Í suðrinu er flóðavatnið hins vegar víða enn gríðarlega mikið. „Það hefur ennþá verið að flæða yfir ný svæði suður í Sind-héraði, þannig að þó þetta hafi verið mest í fréttum fyrir fimm, sex vikum þá hefur þetta bara orðið verra.“

Vandamálin sem bíða eru óþrjúandi, en eitt af þeim stærri eru hreinlætismálin. „Svo við tölum bara hreint út þá er mikið af fólk sem er bara að létta á sér úti á víðavangi. Og það er vatn að flæða út um allt og mjög alvarlegir sjúkdómur geta ferðast mjög hratt við þær aðstæður.“

Mikið verk er einnig að koma hreinu vatni til allra, en þetta starf hefur samt gengið mjög vel. Hættan þar er ofþornun og það getur gerst mjög hratt. En eitt af því sem hefur gengið ótrúlega vel hjá UNICEF er að koma vatni til fólks. „Þó ekki

hafi verið hægt að ná til allra, þá erum við hjá UNICEF þó á hverjum einasta degi að ná til 2,5 milljóna manna með hreint vatn. Samt eru einhverjar milljónir sem ekki hafa fengið vatn. Vandinn er bara sá að þetta er svo gríðarlega stórt svæði og það þarf alveg gífurlega mikið af innviðum að vera í lagi, og það þarf gríðarlega mikið af bílum og vatnstönkum og fólk til að koma vatninu til allra.“

Í norðrinu veitir UNICEF einnig mikilvæga aðstoð. Athygli samtakanna beinist einkum að börnunum, sem eru viðkvæmari en aðrir fyrir raski af þessu tagi. „Við reynum að koma börnunum í skóla og skapa stöðugleika í lífi þeirra, til dæmis með því að búa til barnvæn svæði í flóttamannabúðunum þar sem þau geta leikið sér og koma upp skólum, því víða hafa skólahús verið notuð til þess að hýsa fólk til bráðabirgða.“ gudsteinn@frettabladid.is

Orkumálaráðherra í heimsókn:

Ræða endurnýjanlega orku

ORKUMÁL Dr. Farooq Abdullah, orkumálaráðherra Indlands, er í þrjú daga opinberri heimsókn hér á landi í boði Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra.

Ráðherrarnir funda í dag um aukið samstarf landanna á sviði endurnýtanlegrar orku. Þá mun Dr. Farooq

Abdullah sitja vinnufundi iðnaðarmálaráðherra með orkumálastjóra og fulltrúum íslenskra orkufyrirtækja og verfræðistofa á sviði jarðhitarannsóknar og vinnslu.

Í heimsókninni verður Hellisheiðarvirkjun, Garðyrkjuskóli ríkisins og Bláa lónið meðal annars skoðað. -rat



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Slys við gamalt skipsflak:

Tveggja kafara saknað í Noregi

NOREGUR Tveggja danskra kafara sem ætluðu að skoða skipsflak á botni Korviksfjarðar við Kristiansand í Noregi er saknað.

Umfangsmikil leit að köfurnum stóð yfir á sunnudag en hún bar engan árangur, að því er kom fram í Jyllands-Posten.

Karl og kona köfðu að skipsflakinu ásamt leiðbeinanda og einni manneskju til viðbótar. Það var leiðbeinandinn sem lét lögregluna vita eftir að karlinn og konan, sem voru reyndir kafarar, skiluðu sér ekki til baka. Tveir danskir kafarar hafa látist við þetta sama skipsflak en um er að ræða þýska farþegaskipið Seattle sem sókk í síðari heimsstyrjöldinni. -fb



Brynja Þorkeldsdóttir
viðskiptastjóri Ármúla

Svarar bankinn þinn tölvupósti samdægurs?

Tími viðskiptavina okkar er dýrmætur. Samkvæmt mælingum í ágúst svaraði þjónustuver MP banka 98% tölvupósta sem bárust fyrir kl. 16 samdægurs.

Sendu okkur línu á thjonusta@mp.is og skiptu yfir í betri bankþjónustu.





Ánægðasta liðið í íslenska boltanum!

Vörður óskar Breiðabliki til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn í efstu deild karla í knattspyrnu. Við erum stoltir stuðningsmenn!

Ánægja er nauðsynleg til að ná árangri. Við setjum okkur skýr markmið og þegar við náum þeim er tími til að gleðjast. En ánægjan er ekki aðeins afleiðing heldur er ánægjan ástæðan fyrir árangri.

Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga eru hjá Verði. Núna eru ánægðustu stuðningsmenn knattspyrnuliða hjá Breiðabliki. Við erum í sama liði.

Áfram Breiðablik.

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vordur.is til að ganga í lið með okkur.



Holl mjólk

hraustir krakkar

Mjólk er
góð!

Á alþjóðlega skólarmjólkurdeginum, 29. september, býður Mjólkursamsalan öllum 70.000 grunn- og leikskólabörnum landsins upp á mjólk í skólunum. Með deginum vill íslenskur mjólkuriðnaður vekja athygli barna, foreldra og starfsfólks skólanna á mikilvægi mjólkur í fæði barnanna.

Landsbyggðin lifir í Evrópu

Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon á morgun, 28. september kl. 12-13

Frummælendur

Anna Margrét Guðjónsdóttir, alþingismaður og Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Allir velkomnir



Samfylkingin xs.is



Ómissandi



Hrein íslensk náttúruafurð



Pú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

Öryrkjabandalag Íslands fékk kvartanir vegna bíllausa dagsins í Reykjavík: Vanhugsað að loka bílastæðunum

SAMGÖNGUR „Fatlaðir foreldrar komust ekki að dagheimilum og leikskólum vegna þess að það var búið að loka fyrir bílastæðin,“ segir Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ). „Við fengum töluvert mikið af kvörtunum.“

Bíllaus dagur var í Reykjavík síðastliðinn miðvikudag. Af því til efni sendi Reykjavíkurborg bréf til leikskóla um þá hugmynd að girða af bílastæði við skólana eða hluta þeirra. Reykjavíkurborg stæði að framkvæmdunum en ákvörðun um þátttöku væri hjá stjórnendum leik-

skólanna. Fjórir leikskólar af 79 tóku þátt í átakinu. Þar af voru þrír sem girtu bílastæðin alveg af.

„Það er fyrst og fremst vanhugsað og klaufalegt hjá borginni að átta sig ekki á því að það eru ekki allir sem geta sleppt bílnum,“ segir Guðmundur.

Eygerður Margrétardóttir, hjá umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar, segir staðið að átakinu í nánú samstarfi við leikskólana og það hafi ekki átt að skerða þjónustu við fatlaða. „Þetta er ekki stór hópur. Ég treysti því að leikskólastjórnar taki tillit til þess fólks sem býr við



VIÐ SÆBORG Bílastæðum var ekki lokað alveg við leikskólann Sæborg, en pláss fyrir reiðhjól afmarkað.

MYND/SÆBORG

Þetta ástand,“ segir hún og kveður borgina mestanpart hafa fengið jákvæð viðbrögð við átakinu. - sv

Ísland sumu leyti sagt vera í betri stöðu en önnur lönd í Evrópu:

Staðan er ljós og val um leiðir

EFNAHAGSMÁL Fimm til tíu ár tekur að endurbyggja íslenska mynsvæðið að mati sérfræðinga greiningardeildar Arion banka. Sérfræðingar bankans kynntu „Efnahagshorfur að hausti“ á fundi á föstudag.

Eigi að takast að endurbyggja mynsvæðið segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar, að raungengi þurfi að vera lágt og afgangur á viðskiptum við útlönd. Þá þurfi ríkisfjárlög að skila afgangi og einkaneysla að vera lítil. Um leið sé nauðsynlegt að fá aftur aðgang að erlendum fjármálamörkuðum og laða að erlendar fjárfestingar. „Staðreyndin er að hér á landi hefur aldrei verið ráðist í neinar stærri framkvæmdir án þess að til kæmi erlent fjármagn,“ segir hann.

Um leið bendir Ásgeir á að innanga í Evrópusambandið og upptaka evru myndi gera ferlið allt auðveldara og kostnaðarminna.



KYNNTU HORFUR Ásdís Kristjánsdóttir og Þórhallur Ásbjörnsson hagfræðingar ásamt Ásgeiri Jónssyni, forstöðumanni greiningardeildar Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrátt fyrir allt þá segir Ásgeir stöðu Íslands samt að sumu leyti betri en annarra landa í Evrópu því við vitum hvar við stöndum. „Það er búið að skrifa niður eignir bankanna og endurfjármagna þá,“ segir hann og kveður að lán hafi verið í

óláni að hve miklu leyti þeir voru fjármagnaðir í útlöndum. „Það er búið að klippa af stóran hluta af erlendum skuldum landsins.“

Ásgeir bendir á að hér hafi peningamagn í umferð fjórfaldast frá árinu 2003. Til þess að koma þessu fjármagninu í vinnu verði að byggja upp virkan eignamarkað. Bankarnir verði því að skrá fyrirtæki í þeirra eigu í Kauphöllina. Þar sé líka réttur vettvangur fyrirtækja til að sækja sér rekstrarfé.

Í hagspá bankans kemur fram að efnahagsbati verði veikur, enda fyrir sé að hagvöxtur verði undir langtímahagvexti út spátímabilið sem nær til ársins 2013. Þannig kom fram í máli Ásdísar Kristjánsdóttur, hagfræðings greiningardeildar, að tafir á orkuframkvæmdum hafi þegar sett strik í reikninginn. Spá bankans gerir ráð fyrir Búðarháls-virkjun, en ekki öðrum orkutengdum verkefnum. - óká



- Lífð heil

Flux flúormunnskol - fyrir alla fjölskylduna

Flux flúormunnskol 500 ml
Verð: 1.209 kr. **Verð nú: 967 kr.**

Flux junior munnskól fyrir börn 250 ml
Verð: 829 kr. **Verð: 663 kr.**



20%
afsláttur*

*gildir til 15. okt.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju



ÓPUSallt
Hreyfill kallar...

„Fjárhagsbókhaldið í Ópusallt er það sem hreif okkur. Bókhaldið okkar er flókið, en Ópusallt ræður vel við það.“

Eva Guðmundsdóttir,
skrifstofustjóri
Hreyfils

Ópusallt er hannað fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi og er allt í senn: stjórnþæki, upplýsingakerfi og bókhaldskerfi.

HUGUR / AX

Guðríðarstíg 2-4
113 Reykjavík

Sími 545 1000
www.hugurax.is

ÓPUSallt
Viðskiptalaun frá HugAx

SINDRI



TILBOÐ

34.900 m/vsk

Fullt verð 49.900

IBTTCAD0101
BORÐ MEÐ SKÚFFU Á HJÓLUM
Lipurt og sterkt borð

TILBOÐ

9.900 m/vsk

Fullt verð 21.900




IBTGCAI2802
1/2" TOPPLYKLASETT, 28 STK.
Sterk plasttaska | Stærðir 8 - 32mm

TILBOÐ

24.900 m/vsk

Fullt verð 44.900



IBTGCAI130B
TOPP-, BITA- OG FASTLYKLASETT, 130 STK.
1/4", 3/8", 1/2" | Stærðir 4 - 32mm | 5/32" - 7/8"
Fastir lyklar 8 - 22mm | Millimetra og tommutoppar | E-toppar og margt fl.

TILBOÐ

16.900 m/vsk

Fullt verð 27.900



IBTGCAI9402
1/4" OG 1/2" TOPPLYKLASETT, 94 STK.
Sterk plasttaska | Stærðir 4 - 32mm



TILBOÐ

169.900 m/vsk

Fullt verð 239.900



IBTGCAJ0001
VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM, 227 STK.

1/4" topplykasett
1/2" topplykasett
Fastir lyklar, sexkantar og járnsgög.
Djúpir toppar, tangir, skrúfjám o.fl



ÞETTA ER VÍÐIR

ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ Á LUXURY TRAVEL, SONUR REYNIS OG BRÓÐIR BARKAR

HÆ
gosi

HEFST Á FIMMTUDAGINN



Veldu áskrift á skjareinn.is

Cheerios



EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

Efaðist aldrei um orð svikahrappsins

Réttarhöldum yfir norska fjársvikaranum Michael Craig Sundet lauk á föstudag. Hann er ákærður fyrir 42 mál, þar á meðal að svikja íslenska konu. Fæ þetta sennilega aldrei til baka, segir konan. Saksóknari krefst 10 ára fangelsis.

LÖGREGLUMÁL Þriggja daga réttarhöldum yfir Michael Craig Sundet, 29 ára Norðmanni, lauk á föstudag. Sundet var handsamaður eftir að íslensk kona kærði hann í vor fyrir að hafa svikið út úr sér fé. Eftir handtökuna kom í ljós að að svik hans voru umfangsmeiri en í fyrstu var talið.

Samkvæmt ákæru hafði Sundet svikið út úr þrjátíu einstaklingum og fyrirtækjum 700 þúsund norskar krónur, eða sem samsvorar tæpum fjórtán milljónum íslenskra króna. Sundet játaði sök í 27 af 42 ákæruálitum.

Konan, sem ekki vill láta nafns síns getið, kynntist Sundet í Noregi þar sem hún var í fimm daga heimsókn. Þau náðu vel saman og ákvað hann að heimsækja hana til Íslands í kjölfarið þar sem hann dvaldi í tæpar þrjár vikur.

„Hann sagði að fjölskylda hans væri vel stæð og mamma sín hefði unnið í lottói í Noregi. Þegar mig fór að gruna að ekki væri allt með feldu prófaði ég að senda mömmu hans póst, vegna þess að plönnin voru þau að ég ætlaði að flytja út. Hún svaraði um hæl og sagðist hlakka til að hitta mig. Ég átta mig núna á því að hún var með honum í þessu öllu saman,“ segir konan. „Hann kom rosalega vel fyrir. Var sjarmerandi og sannfærandi. Ég

„ Brotin ná tíu ár aftur í tímann, en fyrir barðinu á manninum urðu bæði konur, karlar og fyrirtæki.

AMUND SAND
SAKSÓKNARI



MICHAEL CRAIG SUNDET Maðurinn hefur svikið peninga út úr þremur konum, þar af einni íslenski, sem allar hafa svipaðar sögur að segja.

efaðist aldrei um neitt sem hann sagði mér.“

Konan bar vitni fyrir réttinum í Noregi símileiðis á fimmtudag. Sundet er ekki búinn að játa á sig brotin gegn henni, né tveimur norskum konum sem hafa svipaða sögu að segja. Norskir fjölmiðlar kalla Sundet Kvennasvindlarann.

„Þeir sögðu mér að þegar hann var spurður af lögreglunni af hverju hann geri þetta alltaf aftur og aftur, þá hafi hann svarað að það væri svo erfitt að hætta vegna þess að það sé of auðvelt að blekkja konur.“

Sundet fór af landi brott með 350 þúsund krónur sem hann fékk að láni hjá konunni. „Ég geri mér grein fyrir því að ég fæ þetta mjög líklega aldrei bætt. En ef þetta varð til þess að sporna við frekari glæpum, þá er það þess virði,“ segir hún.

Amund Sand saksóknari segir málið umfangsmikið.

„Brotin ná tíu ár aftur í tímann, en fyrir barðinu á manninum urðu bæði konur, karlar og fyrirtæki,“ segir Sand. „Sundet átti ekki fastan samastað og hélt ekki í vinnu sökum áfengis- og fíkniefnavanda. Hann gisti bara hjá þeim konum sem honum hentaði hverju sinni.“

Sand krefst þess að Sundet verði dæmdur til sjö til tíu ára fangelsisvistar.

sunna@frettabladid.is



landsbankinn.is/fjarhagur
Blogg og hljóðpistlar um fjármál.

Námskeið um réttindi lífeyrispega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin. Á næstu fjármálakvöldum verður námskeið um réttindi lífeyrispega.

Næstu námskeið

30. september kl. 20
Útibúið í Keflavík, Hafnargötu 57

7. október kl. 20
Félagsmiðstöðin Hlymsdalir
Miðvangi 6, Egilsstöðum

14. október kl. 20
Útibúið á Laugavegi 77

21. október kl. 20
Útibúið á Akranesi, Þjóðbraut 1

Skráning og nánari upplýsingar
á landsbankinn.is og í
síma 410 4000.

Allir velkomnir.



ALLT FYRIR SKOTVEIÐINA!

Mikið úrval skotvopna og fylgihluta af ýmsu tagi. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu við í Ellingsen áður en haldið er til veiða.

SKOTVEIÐI DAGAR

TILBOÐ
á völdum vörum



Avery Powerhunter-felubyrgi

Létt og meðfærilegt, fellur saman í meðfærilegan „bakpoka“.

Verð **37.990** kr. Áður 44.990



Remington

12GA Heavy magnum 2, 50 g, 10 stk.
12GA Heavy magnum 4, 50 g, 10 stk.

Verð frá **1.250** kr. Áður 1.850



Allen skotbelti Max 4

Vandað skotveiðibelti í felulitum sem tekur 20 skot.

Verð **3.995** kr. Áður 4.890



WINCHESTER WILDCAT cal. 22

Léttur og nákvæmur boltalásriffill með 5 skota skotgeymi og fallegu harðviðarskefti. Framleiddur í TOZ verksmiðjunum í Rússlandi. Góður kostur fyrir byrjendur og lengra komna.

Verð **49.900** kr. Áður 64.900



Remington Sportsman 11-87

12ga hálfjálvirk með skiptanlegum þrengingum. Gasskipt byssa sem gefur mýkra bakslag en bakslagsskiptar byssur. Traust og góð byssa.

Verð **134.900** kr. Áður 169.900

Reykjavík
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opíð mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16

Akureyri
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opíð mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16

 **Ellingsen**
– fullt hús ævintýra

Andstaðan við mosku í Reykjavík kemur á óvart.

Í skel hins þekkta og þjóðlega?

Níðurstaða skoðanakönnunar, sem Fréttablaðið gerði í síðustu viku, sýnir að fleiri eru andvígir því en hlyntir að múslimar fái að reisa mosku í Reykjavík. Meðal svarenda eru yfir 28 prósent mjög andvíg því að moskan rísi. Þetta kemur á óvart í ríki, þar sem trúfrelsi hefur verið stjórnarskrárbundið í meira en 130 ár og íbúarnir gefa sig gjarnan út fyrir að vera víðsýnir og umburðarlyndir. Um 600 manns eru nú skráðir í trúfélög múslima á Íslandi og margir hafa þeir búið lengi í landinu. Þeir hafa að sjálfsögðu sama rétt og allir aðrir til að iðka trú sína og reisa sér guðshús.

Könnunin svarar því ekki hvers vegna fólk er andvíg því að múslimar reisi mosku. Kannski hafa deilur í Bandaríkjunum um áformaða mosku á Manhattan einhver áhrif. Þar hafa menn fært fram þau rök að moskan verði of nálægt staðnum, þar sem

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



hryðjuverkamenn myrtu þúsundir manna í nafni islam 11. september 2001. Í Reykjavík á ekkert slíkt við. Vestra hafa margir, þeirra á meðal Obama forseti, bent á að þar í landi ríki trúfrelsi og andstaðan við moskuna sé til marks um að marga Bandaríkjamenn vanti sjálfa það

umburðarlyndi, sem þeir segja öfgamenn í hópi múslima skorta.

Upp á síðkastið hefur verið sagt frá tilvikum, þar sem örloað hefur á útlendingahatri á Íslandi. Í þann flokk falla furðuleg ummæli forsvarsmanna að minnsta kosti tveggja kristinna trúfélaga, sem tóku það óstínt upp þegar Sláturfélag Suðurlands tók upp svokallaða halal-slátrun til að reyna að auka markaðsmöguleika íslenska lambakjötisins í löndum múslima. Hvenær hefur það skipt kristna menn á Íslandi nokkru einasta máli hvernig sauðfé er slátrað, svo fremi að mannúðlegar aðferðir séu notaðar?

Getur verið að í kjölfar hrunsins vilji sumir landsmenn draga sig inn í skel hins þekkta, örugga og þjóðlega og hafna því sem þeim finnst útlent og framandi? Þótt íslenskt efnahagslíf hafi farið flutt á alþjóðlegum viðskiptum er alþjóðavæðingin og þar með talin blöndun menningarheima og trúarbragða ekki á undanhaldi og enginn græðir neitt á að loka augunum fyrir þeirri þróun. Ekkert hefur gerzt sem leysir okkur undan þeirri skyldu að koma fram við meðbræður okkar af virðingu og umburðarlyndi.

Af þeim 42 prósentum, sem í könnun Fréttablaðsins sögðust vera á móti mosku í Reykjavík, er væntanlega drjúgur hluti kristið þjóðkirkjufólk. Það mætti gjarnan taka mark á orðum Karls Sigurbjörnssonar biskups, sem skrifaði í grein hér í blaðinu fyrr í mánuðinum: „Við eigum að láta það heyrast hátt og skýrt að kynþáttahatur, tortryggni gagnvart útlendingum, já og fordómar gegn trúarbrögðum verði ekki liðið á Íslandi.“

Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa verið alltof lengi að mæta óskum múslima um lóð fyrir mosku. Í byrjun mánaðarins upplýsti skipulagsstjórinn í Reykjavík hér í blaðinu að nú hlyti málið að leysast á næstu vikum. Það er ástæða til að borgarstjórnin fylgi þessu máli nú fast eftir, í nafni trúfrelsis og umburðarlyndis.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vel sofinn

Þegar síðasta vika var við að að líða undir lok hafði helsta framlag íslensku sendinefndarinnar á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í New York verið að kæta þýska fjölmiðla með því að nenna ekki að hlusta á boðskap harðstjórans Roberts Mugabe og sofa þess í stað úr sér flugþreytuna. Það breyttist hins vegar á föstudagskvöld. Þá hristi utanríkisráðherra af sér slenið og hélt ræðu. Og svo virðist sem blundurinn hafi gert Össuri gott því hann var sannarlega glaðvakandi þegar hann tók sig til og las þungbrýndur yfir hausa-

mótunum á Írönskum og Ísraelskum fundargestum og tyfti þá fyrir krónísk mannréttindabrot og yfirgang.

Glaður mannréttindaráðherra
Þótt ræða Össurar hafi vafalítið fallið grýttan jarðveg í Mið-Austurlöndum tókst honum hið minnsta að gleðja kollega sinn í stjórn, Ögmund Jónasson mannréttindaráðherra. Ögmundur blogg- ar um ræðuna og eys vin sinn lofi – aðra eins ræðu hefur hann hreinlega aldrei heyrt flutta. Að minnsta kosti ekki af íslenskum ráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.



Hin ræðan

Ögmundur var hins vegar ekki jafnhrifinn af annarri merkri ræðu sem einnig var flutt af stórkanónu úr Samfylkingunni fyrir skemmstu – og fjallaði raunar einnig um mannréttindabrot. Sú rann upp úr Jóhönnu Sigurðardóttur á Alþingi og snerti ekki á limlestingum og loftárásum heldur því hvort rétt væri að láta gamla kollega hennar úr ríkisstjórn axla ábyrgð á hruni heils efnahagskerfis fyrir dómi. Í viðtali við Fréttablaðið um helgina sagði Ögmundur að forsætisráðherra ætti að tala varlega, hafandi verið í innsta hringi í téðu hruni.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Tollar á landbúnaðarvörur

Neytendamál



Jóhannes Gunnarsson
formaður neytendasamtakanna

Háir tollar eru lagðir á flestar innfluttar landbúnaðarvörur og er það hluti af verndarstefnu íslenskra stjórnvalda. Þessi stefna skerðir valfrelsi neytenda og ekki verður séð að rök eins og matvælaöruggi réttlæti á nokkurn hátt himinháa tolla á vörum eins og ostum, m.a. ostategundum sem eru ekki framleiddar hér á landi.

Innfluttir ostar bera háa tolla, eða 30%, auk þess sem lagt er 430 til 500 kr. gjald á hvert kíló. Það þarf því ekki að koma á óvart að úrvalið af þeim er afar lítið. Samkvæmt tvíhliða samningi við Evrópusambandið er heimilt að flytja inn allt að 100 tonn af ostum frá löndum sambandsins án tolla. Þessi kvóti er hins vegar boðinn út og því bætist útboðskostnaður við innkaupsverðið. Neytendasamtökin hafa gagnrýnt þessa leið og lagt til að kvótanum verði úthlutað samkvæmt hlutkesti. Samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal hvert aðildarland heimila innflutning á 3-5% af innanlandsneyslu, í þeim tilgangi að tryggja ákveðinn lágmarksaðgang erlendra landbúnaðarafurða á lægri tollum en ella gilda. Til skamms tíma voru þessir lægri tollar miðaðir við ákveðna krónutölu sem lagðist á hvert kíló og var um tiltölulega lága upphæð að ræða. Með reglugerð

landbúnaðaráðherra frá árinu 2009 var tollum á smjöri og ostum breytt úr krónutölu í prósentu og eru tollarnir nú 182%-193% á ostum og 216% á smjöri.

Samtök verslunar og þjónustu sendu nýlega erindi til umbodsmanns Alþingis og kvörtuðu yfir þessari breytingu. Samtökin benda á að þessi breyting á tollum auk óhagstæðrar gengisþróunar hafi leitt til þess að innflutningur á grundvelli tollkvóta sé í raun útilokaður. Innfluttar vörur geti einfaldlega ekki keppt við þær innlendu í verði. Innflutt kjöt ber háa tolla en þó er munur á þeim eftir því hvort kjöti kemur frá löndum innan Evrópusambandsins eða utan.

Samkvæmt tvíhliða samningi við ESB er heimilt að flytja inn allt að 100 tonn af nautakjöti, 200 tonn af svínakjöti og 200 tonn af alifuglakjöti án tolla. Rétt eins og með ostana er þessi kvóti boðinn út hér á landi og bætist því við útboðskostnaður. Stjórnvöld koma þannig í veg fyrir að neytendur njóti góðs af milliríkjasamningnum sem hafa það markmið að auka viðskipti og lækka vöruverð. Neytendasamtökin krefjast þess að stjórnvöld endurskoði þá verndarstefnu sem hér hefur verið við lýði með hagsmunum neytenda að leiðarljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Iðn 1670-3871

ÁLAFOSS KÓRINN
STOFNAÐUR ÁRIÐ 1980

Óskar eftir hressum söngfélögum í allar raddir.

Sópran, Alt, Bassa og Tenó. Í amstri lífsins er svo gott að gleyma sér og vera glaður vinnhópi í HRE.

Markmið kórsins er að skemmta sér og öðrum með söng og gleði ásamt ferðalögum innanland sem utanlands.

Stjórnandi Kórsins er Magnús Kjartansson hljómlistamaður.

Komið í kaffisopa og spjall í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ miðvikudaginn 29. september nk. kl. 20.00.
Upplýsingar í síma 862 1600 Hjördís og 898 9998 Ásgeir

Óhemjur og ofát

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Það voru matardagar í Smáralind um helgina. Þar var keppt. Samkvæmt frétt á vísir.is gekk þessi hátíð eiginlega út á keppni – í matargerð og meira að segja áti. Þarna var Íslandsmót matreiðslumanna og framreiðslumanna; keppt var um titilinn Besti sjónvarpskokkurinn; og haldið var Íslandsmót í hamborgaraáti. Sú keppni snerist um það hver gæti graðkað í sig flestum hamborgurum á skemmstum tíma. Meðfylgjandi mynd sýndi nokkra unga drengi og fulltíða vöðvabollar sem sátu með hörkusvip og hamborgara í hendi, útroðinn gúl og húfa á hausnum. Gastrónómískar aflraunir. Önnur mynd sýndi svo nýkrýnda Íslandsmeistara í ólympísku ofáti.

Það á að vera gott að borða

Tuðum ekki. Löstum ekki hressa stráka í góðum ffling né alla þessa fínu kokka – af meðfylgjandi myndum að dæma var þar margt afar girnilegt á boðstólum. En samt: hvers vegna að láta matardaga ganga út á keppni? Hvernig er hægt að keppa í mat? Matarnautnin er einmitt andstæð keppnismóralnum. Það virðist stundum furðu fjarlæg þessari hákalls- og skötu- og sels-hreifaeítandi þjóð en það að borða er sem sé víðast hvar í heiminum talið snúast um vellíðan frekar en þolraunir. Þegar við setjumst

að snæðingi með einhverjum erum við ekki að keppa heldur er þetta ævaforð aðferð manna við að friðmælast, deila brauði sínu, samneyta. Á meðan við borðum gleymum við dagsins amstri, upprætum hinn mælda tíma, förum inn í augnablikið, þökkum dásemdir Jarðar. Meðan við borðum gleymum við til dæmis húfuna af hausnum og reynum að matast eins settlega og okkur er unnt; við þurfum kannski ekki að tryggja hvern bita sextíu og átta sinnum eins og Þórbergur en við sýnum matnum þá virðingu að troða ekki meira af honum í munninn en við finnum bragðið af hverju sinni. Vöðvabollar sem á Matardögum í Smáralind voru sérstaklega heiðraðar fyrir að hesthúsa x marga hamborgara á x mörgum mínútum hefðu að réttu lagi átt að vera settar í straff fyrir vonða borðsiði; það ætti að skikka þessa drengi til að horfa á japönsku myndina Tampopo, senda þá svo á sushibar ...

Aldrei skartar óhófið

Keppni í hamborgaraáti er keppni í óhemjugangi. Það er ódyggð sem Íslendingar hættu gjarnan hætta að hafa í hávegum.

Við getum alveg verið stolt af ýmsu sem samfélag: sjómönnunum, kvennafótboltanum, skákhefðinni, handboltastrákunum, tónlistarfólkinu, lambakjötinu og fiskiréttunum, bókmenntahefðinni, björgunarsveitunum, vélakunnáttunni, að ógleymdu forystufénu, smalahundinum, blessaðri kusu og fimm gangtegunum íslenska hestsins ... Og lopapeysunni með grænlenku mynstrunum sem hönnuð var sem íslensk einhvern tímann á 20. öld.

Við getum alveg verið stolt af

ýmsu sem samfélag; það má. En hættum að hampa óhemjuganginum. Eyjafjallajökull á ekki að endurspeglar Íslenska þjóðarsál eins og sjálfskipaðir talsmenn Íslands héldu fram í erlendum fjölmiðlum með hótunum um enn ægilegri gos. Við eigum hins vegar að hugsa um það hvort bændurnir þrautseigu undir Eyjafjöllum og allir þeir sem réttu þeim hjálparhönd séu ekki til vitnis um þá mannkosti sem þrátt fyrir allt kunna að leynast með þessari þjóð.

En það er eitthvað að okkur. Djúpt og rótgróið í íslenskri menningu er eitthvað sem kom þessu samfélagi í koll – eitthvað sem lýsir sér í því að matreiðslumenn af öllu fólki skuli halda keppni í því að borða hratt og tilfinningalaust. Ástæðan er ekki sú að hér sé vont fólk upp til hópa. Þetta er ekki endilega „ógeðslegt þjóðfélag“ eins og gömlu ritstjórnarnir hvæsa á okkur með reglulegu millibili; við vorum ekki öll partur af gjörspilltu valdakerfi Sjálfstæðisflokksins með sínum Davíðsarmi og Björgólfsarmi, LíÚ-armi, bændaarmi, Exista-armi, Baugsarmi og FL-armi og guðmávíta hvaða öðrum örmum óteljandi, svo að á endanum var flokkurinn eins og kolkrabbi með parkinsonsveiki, stjórnlauisur og samanflæktir armarnir að slettast um allt og brjóta í leiðinni og bramla allt sem brotnað gat. Við erum ekki öll glæpamenn eða hugsanlegir glæpamenn, ekki einu sinni öll „meðvirk“.

En það er eitthvað að. Hömluleysið er til dæmis of mikið. Við eigum að leggja niður keppni í ólympísku ölaði á almanna-færi; ofáti, ofstopa í umferðinni, ógætni í fjármálum.

Sjópróf á gullskipinu?

Efnahagsmál

Sverrir Björnsson
hönnuður

Skútan sigldi í strand og nú eiga að fara fram sjópróf. Skipið var á farsælli siglingu á ládaudum sjó þegar nokkrir úr áhöfninni tóku að bora eftir gulli niðri í lest. Götin á botninum urðu of mörg og of stór, sjór flæddi um allt og eyðilagði að lokum mest af farminum og flest stjórnstækin. Með naumindum tókst að sigla skipinu upp á sker og marar það nú þar í hálfu kafi.

Sjálfsgagt að halda sjópróf og finna út hvað gerðist, hvort brugðist hafi verið rétt við og hvort skaðabótaábyrgð sé til staðar.

Nei, engin sjópróf takk! Segja stjórnendur skútunnar. Þetta er eingöngu þeim sem boruðu götin á botninum að kenna og þeir einir skulu kallaðir til ábyrgðar. Skipstjórnir hefur dregið sig inn í skel en hefur þó skrifað eitt bréf þar sem hann lýsir vandlætingu sinni á sjóprófunum. Stýrimennirnir tveir reyna að þegja sig frá málinu en loftskýtakanon berst um á hæl og hnakka með fundarhöldum og bréfaskriftum gegn því að prófin fari fram. Hún telur sig ábyrgðarlaus og fráleitt að hún taki þátt í sjóprófum. Vel má vera að hún eigi enga sök í málinu en væri þá ekki gott að hún yrði hreinsuð af ábyrgð fyrir fullt og fast?

Fordæmið gerir málið mikilvægt því ef þessum stjórnendum tekst að komast hjá að standa ábyrgir gerða sinna sleppa líklega flestir aðrir úr áhöfninni. Til dæmis þurfa vélstjórnir þá væntanlega ekki heldur að svara til saka fyrir sín afglöp í starfi: t.d. lélegt eftirlit og að láta undir höfuð leggjast að hafa nægilega öflugar lensidælur um

borð. (Lensidælur dæla út sjó sem kemur í skip.) Einnig að mælitæki sem hefðu getað varað við slysinu í tíma voru í lamassessi eða aflögð af yfirvélstjóranum sjálfum. (Þess má geta að í hans skipstjórnartíð lét hann borana í hendur hásetanna.) Loksins þegar yfirvélstjórnir drattadist upp í brú og tilkynnti að lekinn væri að verða óviðráðanlegur var of mikill sjór kominn í skipið til að því yrði bjargað. Líkur benda þó til þess að skipstjórnarmennirnir hefðu getað bjargað töluverðu af farmi skipsins og eigum farþeganna ef þeir hefðu gripið til réttra ráðstafana á þeim tímapunkti. Í staðinn sendu þeir skeyti um allt um að allt væri í fínasta lagi.

Sú var tíðin að skipstjórnir átti að vera tilbúin til að fara niður með skipi sínu en nú æja yfirmenn og kvarta hástöfum ef það pusar á þá. Menn þurfa að átta sig á að það er meira í húfi en þeir og þeirra persónur og hafa stærd til að láta almannheil ganga framur sínum persónulegu hagsmunum. Sjópróf þar sem allar orsakir slyssins eru kannaðar og ábyrgð er dregin fram eru ekki síst haldin til að koma í veg fyrir að sömu vitleysurnar endurtaki sig. Þó að við farþegarnir höfum allir verið viti okkar fjær í villtu geymi í borðsalnum að fagna gullfundinum þegar slysið varð, eigum við rétt á því að allt málið sé rannsakað og dæmt ef sök er til staðar. Allir um borð hafa þurft að fara í gegnum ef og hefði í sinni þrívát innri endurskoðun og þurft að taka afleiðingum gjörða sinna. Ekki er til mikils mælst þó stjórnendurnir geri það líka. Þar sem þeir voru í opinberum embættum þarf að gera það opinberlega. Gleymum því ekki þó allnokkrir farþegar á fyrsta farþámi hafi bjargað miklu af sínu þá misstu þúsundir allt. Tjónið er stórt og snertir alla, því okkar bíður að gera skútuna upp með miklum tilkostnaði.

Þú kemst ekki langt á lélegum dekkjum!

Þú getur sett **Toyo Harðskeljadekk** undir strax og andað rólega í vetur



toyo.is

TOYO TIRES

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - 590 2000 / Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3333

TOYO HARÐSKELJADEKK
MEIRA GRIP ÁN NAGLA
MINNA SVIFRYK, ENDINGARGÓÐ, HLJÓDLÁT



Reykjavík
NESDEKK
Reykjanesbæ

Bílabúð
Benna
Stofnað 1975



BRÍET BJARNHÉDINSDÓTTIR kvenréttindakona, útgefandi og ritstjóri Kvinnablaðsins (1856-1940) var fædd þennan dag.
„Börnin eru vor dýrasta eign, sem framtíð lands og lýðs byggist á.“

Staðalímyndir í auglýsingum

Kvenréttindafélag Íslands efnir til fyrsta súpufundar haustsins í dag, þar sem kynja- og staðalímyndir í auglýsingum verða ræddar.

Katrín Anna Guðmundsdóttir kynjafræðingur mun á fundinum kynna niðurstöður úr MA ritgerð sinni í kynjafræði, en þar tekur hún fyrir auglýsinga- og markaðsmál, og skoða þær kyn- og staðalímyndir sem birtast í auglýsingum. Halldóra Guðrún Ísleifsdóttir, lektor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands mun svo fjalla um ríkjandi hugmyndir í samfélaginu og hvernig þær hugmyndir birtast í auglýsingum.

Súpufundurinn fer fram í samkomusal Hallveigarstaða að Túngötu 14 í dag



JAFNRÉTTI Katrín Anna Guðmundsdóttir flytur erindi á súpufundi Kvenréttindafélags Íslands í dag.

klukkan 12 og stendur yfir í klukkustund. Eins og yfirskrift fundarins ber með sér verður boðið upp á súpú auk umræðna. Eru allir velkomnir. - jba

PETTA GERÐIST: 27. SEPTEMBER 1966

Baltika lagði upp í fræga ferð

Rússneska skemmtiferðaskipið Baltika lagði upp í sex vikna siglingu þennan dag árið 1966, frá Reykjavík til Svartahafs. Karlakór Reykjavíkur var á leið í söngferðalag til margra borga við Miðjarðarhafið og Svartahaf og hafði gert sér lítið fyrir og tekið skipið á leigu. Innanborðs voru, auk áhafnar, 421 íslenskur farþegi.

Ferðin vakti mikla athygli hér innanlands enda voru hópferðir Íslendinga til

útlanda næsta fátíðar á þessum árum. Danssalur, bar og sundlaug voru um borð og ýmsar kjaftasögur voru á kreiki hér heima um áfengisneyslu og ótæpilega gleði í ferðinni. Baltika var þó ekkert lúxusskip. Ríthöfundurinn Þórbergur Þórðarson var meðal farþega. Hann lýsti því að hann hefði þurft að klöngrast úr klefa sínum upp á næstu hæð til að hella úr koppnum sínum.



FERÐALANGAR UM BORÐ Í BALTIKU
MYND/ÖLDIN OKKAR



FLUGSTJÓRINN Snorri Snorrason stendur hér við mynd eftir Wilfred Hardy af Douglas DC-3 að lenda í Danmarkshavn á Austurströnd Grænlands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SNORRI SNORRASON: GEFUR ÚT BÓKINA ÍSLENSKAR FLUGVÉLAR – SAGA Í 90 ÁR

Tengir flugsögu við heims- og þjóðfélagsmál á hverjum tíma

„Íslendingar voru fljótir að tileinka sér flugið og ef það Flugfélag Íslands sem var stofnað árið 1919 hefði haldið starfsemi sinni áfram þá væri það þriðja elsta flugfélag í heimi,“ segir Snorri Snorrason fyrrverandi flugstjóri. Tilefni spjallsins er að eftir tvo daga kemur út nýstárleg bók þar sem saga íslenskra flugvéla er rakin með lifandi texta og litríkum myndum.

„Við erum tveir höfundarnir að þessari bók, sjáðu til. Ég skrifaði textann og breski listamaðurinn Wilfred Hardy teiknaði og málaði allar myndirnar,“ segir Snorri og heldur áfram. „Hardy er sérhæfður í að teikna flugvélar og gerir það forkunnar vel. Auk þess setur hann vélarinnar í það umhverfi sem óskað er og gerir hverju smáatriði skil. Ég er svo heppinn að eiga ljósmyndir af flugvélum og loftmyndir af landinu sem ég tók á mínum flugmannsárum. Sumar þeirra sendi ég Hardy ásamt ýmsum upplýsingum og þess vegna virðast vélarinnar í réttri hæð á loftmyndunum hans.“

Snorri er áttæður og flestum fróðari um íslenska flugsögu enda hefur hann upplifað mikið af henni sjálfur, er stálminnugur og segir vel frá. Hann hefur þó ekki gengið með þá hugmynd lengi að gefa út þessa bók. „Það eru tíu ár síðan Hardy málaði fyrstu myndina fyrir mig. Svo urðu þær alltaf fleiri og fleiri og á endanum sögðu vinir mínir við mig. „Það verður að gefa þetta út.“ Þá fór ég að skrifa sögu vélanna. Ég



DOUGLAS DC-6B YFIR SURTSEY 1963 „Það var oft mikil upplifun fyrir farþega að sjá það mikla sjónarpil sem gaf að líta í gosinu,“ segir Snorri.

hef leitað til margra og man sjálfur alveg aftur til 1937. Jóhannes, eldri bróðir minn, sem byrjaði ungur í fluginu, var líka búinn að segja mér allt mögulegt í gegnum árin. Svo þekkti ég alla frumkvöðlana í fluginu og Sigurður Jónsson, „Siggi flug,“ handhafi flugskírteinis númer eitt var prófdómari 1946 þegar ég fór í mitt fyrsta sólflug.“

Snorri byrjar meginmál bókarinnar á að rifja upp friðsæl æskuár á Akur-

eyri þar sem hann sleit barnsskónum. En stríðsárin koma líka við sögu enda segir hann flugumferðumferð hafa verið mikla á Akureyri þá. Skip sjást á sumum myndum, bæði lystiskip og herskip og í textanum eru frásagnir af þeim. „Ég tengi þessa flugsögu við þjóðfélags- og heimsmálin eins og þau voru á hverjum tíma,“ segir Snorri og tekur fram að bókinn sé fyrir venjulegt fólk en ekki bara tæknimenn.



Elskuleg móðir mín,
Sigurbjörg Björgvinsdóttir,
áður Þórsögðu 21 a,

sem lést að hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 18. september, verður jarðsöngin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 28. september kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, sími 560 4100.

Stefán Hermanns.



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð, hlýðug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra,
Engilberts Guðjónssonar.

Okkar innilegustu þakkir færur við starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir nærgætni, hlýju og stuðning. Þúsund þakkir fyrir fallegar kveðjur.

Guðjón Engilbertsson
Ólafía G. Ársælsdóttir
Ársæll Þór Bjarnason
Eyþór Guðjónsson
Elías Þór Sigfússon
Ingólfur Hilmar Guðjónsson
Sævar Þór Sigfússon
Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir

Dóra Ingólfssdóttir
Sigfús Þór Eliasson
Kamilla Sveinsdóttir
Lilja Erlendsdóttir
Kjartan Gunnsteinsson

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Fri áletrun
Fallegir legsteinar
á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Knitting Iceland hefur gefið út fyrsta íslenska vefritið um þrjón en þar eru birtar uppskriftir frá sjálfstætt starfandi hönnuðum og höfundum ásamt viðtölum og greinum. Vefrit Knitting Iceland er gefið út á íslensku, ensku og frönsku en þrjónauppskriftirnar eru seldar stakar sem PDF skjöl. Slóðin er www.knittingiceland.com.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

Það sem Auður Jónsdóttir rithöfundur keypti síðast til að prýða heimilið eru gömul, pólsk plaköt.



Auður með leikhúsplakötin. „Ég verð bara að setja mig í stellingar eins og sölumaðurinn og sýna ykkur þetta,“ segir hún glaðlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Mynda-upphengibrautir sem hafa þann kost að ekki þarf að negla í vegg og er mjög auðvelt að breyta uppröðun eða bæta við myndum.

LISTALAGERINN

Arti Teq

STATE OF THE ART HANGING SYSTEMS

JARN & GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Betrekkið með svíninum

„Ég var að rölta um á laugardagsmarkaði í Berlín með manninum mínum í sumar og held við höfum örugglega staðið í klukkutíma í bás sem seldi pólsk leikhúsplaköt frá ýmsum tímum. Sölumaðurinn sýndi okkur hvert og eitt með miklum tilburðum og fleiri komu til að fylgjast með. Við misstum okkur alveg. Ætluðum að kaupa eitt en á endanum tókum við mörg frá og urðum svo að velja úr.“

Auður segir merka hefð í Póllandi fyrir leikhúsplakötum,

enda séu þau listgripur í sjálfu sér. „Plakötin eru tjáningarrík og í alls konar stíl. Sum svoltið brjáluð og abstrakt,“ segir hún og bendir á eitt af fljúgandi svíni. Hún kveðst hlakka til að fara með þau í innrömmun. „Tengdaforeldrar systur minnar eiga innrömmunarverkstæði á Rauðarárstígnum og það er mikið ævintýri að fara með plaköt til þeirra því þau nostra við að finna ramma sem passar.“

Auður getur þess að eigin-

manni sínum, Þórnari Böðvari Leifssyni rithöfundu, hafi verið gefin pólsk plaköt í Berlín fyrir tuttugu árum en þau hafi tapast. „Hann hafði þau svo sterkt í minningunni og þessi eru í svipuðum stíl svo nú má segja að hann hafi fundið þau aftur,“ segir hún ánægð. En er eitthvert pláss fyrir þau á veggjunum?

„Það er smá höfuðverkur. Ætli stíllinn á heimilinu verði ekki sá að allir veggir verði betrekkir.“

gun@frettabladid.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



6 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar
Íslensk framleiðsla.

Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900


SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA
HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum



NÝ VERSLUN
NÝ SENDING

MYBC

SKIPHOLTI 29b • SÍMI 551 0770

TVEIR FLOTTIR

teg. 4457 - frábært snið í BCD skálum á kr. 4.350,- aðhaldsbuxur í stíl á kr. 2.990,-

teg. 11008 - mjög flottur í BC skálum á kr. 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opíð mán.-fös. 10-18,
Lau 10-14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

Féll strax fyrir vefnaði

Fyrsta einkasýning Steinunnar Bjargar Helgadóttur textilhönnuðar stendur nú yfir hjá Handverki og hönnun í Aðalstræti 10. Sýninguna nefnir Steinunn Voðir.

„Þetta er allt vefnaður sem ég vinn á vefstól. Vefnaðargerðin er tvöfalduð vefnaður, stundum nefndur finnskur vefnaður. Þetta eru nytjahlutir eins og dúkar, teppi og diskamottur. Ég vinn úr hör, ull og silki í þessum stykkjum og er með eitt teppi úr íslenskri ull á sýningunni.“ útskýrir Steinunn Björg Helgadóttir textilhönnuður en hún heldur sína fyrstu einkasýningu þessa dagana hjá Handverki og Hönnun.

Steinunn nam við textíleild í Myndlista og handíðaskóla Íslands, fyrirrennara Listaháskóla Íslands og féll þá strax fyrir vefnaði. Eftir að útskrift lauk tók Steinunn til við myndlistarkennslu í grunnskóli en sinnti vefnaðinum þegar tími gafst til.“



Ég féll strax fyrir vefnaðinum segir Steinunn Björg Helgadóttir textilhönnuður en þessa dagana stendur yfir fyrsta einkasýning hennar hjá Handverki og hönnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Ég hef ofið í hjáverkum en gæti vel hugsað mér að starfa alfarið við þetta. Ég er með vinnustofu heima eins og er en þessi stykki er hægt að framleiða á stólum í verksmiðjum. Slíkar verksmiðjur er reyndar ekki að finna lengur hér á landi. Það er búið að flytja allar vélar út,“ segir Steinunn. Það sé miður því vefnaður og annað handverk sé að sækja í sig veðrið.

„Það eru þó nokkuð margir sem hanna og framleiða

nytjavefnað. Mér finnst það hafa aukist mikið síðustu 10 til 15 ár. Félagið Handverk og hönnun hefur ýtt undir það og einnig handverks-hátíðir sem haldnar eru árlega víða um land, til dæmis inni í Eyjafirði og einnig hafa verið sýningar í Laugardalshöll.“

Sýninguna nefnir Steinunn Voðir. Hún var opnuð síðasta laugardag í Aðalstræti 10 og stendur til 4. október.

heida@frettabladid.is



Á sýningunni má sjá dúka, diskamottur og teppi.

Húmor í hávegum

Nýja leikfangalínan frá Yum Yum er skondin og skemmtileg. Beth Algieri og Jonny Plummer eru þekktir hönnuðir sem starfa undir vörumerkinu Yum Yum. Nýlega sendu þau Algieri og Plummer frá sér skondna leikfangalínu, sem samanstendur af ýmsum skemmtilegum persónum eins og meðfylgjandi myndir eru til vitnis um.

Rauðakrosshúsið
Reykjavík

Dagskrá vikunnar

Vikan 27. sept. - 1. okt.

Mánudagur 27. september

- ▶ **EFT og djúpslökun** - Lærðu að innleiða Emotional Freedom Techniques í þitt daglega líf því þú átt skilið að njóta tilfinningalegrar gleði, góðrar heilsu og slökunar. Umsjón: Viðar Aðalsteinnsson EFT sérfr. Kl. 14:00 -16:00
- ▶ Ljósmyndaklúbbur kl. 13 -14 ▶ Prjónahópur kl. 13 -15

Þriðjudagur 28. september

- ▶ **Qi-Gong** - Fáðu leiðsögn í Qi-Gong æfingum sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Umsjón: Viðar H. Eiríksson. Kl. 12 -13
- ▶ **Bowen tækni** - kynning á Bowentækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan til muna. 20 mínútna einstaklings prufutími. Skráning nauðsynleg. Umsjón: Guðmann Elíasson, Bowen tæknir. Kl.13-15
- ▶ Gönguhópur kl. 13 -14 ▶ Vinnum saman (Býflugurnar) kl. 14 -16
- ▶ Skiptifatamarkaður kl. 14 - 16 **ATH breyttan tíma**

Miðvikudagur 29. september

- ▶ **Listin að lifa - Art of Living** - Öndunartækni og hugleiðsla sem hjálpar til við að lifa í núinu. Umsjón Lilja Steingrímsdóttir. Kl. 13 -14
- ▶ **Hugræn atferlismeðferð** - Helstu atriði HAM kynnt. Annar hluti (Fullbókað) Umsjón: Valgerður Magnúsdóttir. Kl. 14:30 -16:00
- ▶ Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur - Skráning æskileg. Kl. 14 -16
- ▶ Bríðsklúbbur kl. 14 -16 ▶ Tölvuástoð kl. 13:30-15:30

Fimmtudagur 30. september

- ▶ **Skapandi skrif** - Blundar í þér pistla- eða rithöfundur? Hefur þig langað til að geta skrifað góðan texta? Fáðu aðstoð og leiðbeiningu frá reyndum rithöfundum. Umsjón: Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur. Kl. 13:00 -15:00
- ▶ **Prjónað til góðs** - Prjónað í góðum félagskap og látum gott af því leiða. Allt efni á staðnum. Umsjón: Erna Lúðvíksdóttir. Kl. 13 -16
- ▶ Saumasmiðjan Kl. 13-15 Jóga Kl. 15-16

Föstudagur 1. október

- ▶ **Ræðubjálfun** - Seinni hluti. Lærðu hagnýt atriði til þess að verða betri ræðumaður. Umsjón: Fjóla Einarsdóttir. Kl.14-15
- ▶ **Vöfflukaffi** - og spjall í góðum félagskap. Kl.14:00-15:30
- ▶ **NÝTT !!** Létt leikfimi í Rauða kross húsinu Kl. 10 ▶ Hláturjóga kl.15-16
- ▶ Gönguhópur - hvernig sem viðrar Kl. 13-14

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Opíð mánudaga til föstudaga kl. 13-16
raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Afríka, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í forni fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson Consúll, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður, Höskuldur Frímannsson leiðsögumaður, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Magnús Björnsson fararstjóri, Pétur Óli Pétursson fararstjóri, Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðikennari, Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Ómar Valdimarsson blaðamaður.

Ferðamálastólur Íslands Opíð 8-22

Ferðamálastólur Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Það er hægt að leysa hvaða Rubik-tening sem er með einungis 17 hreyfingum. Það tekur engur að síður að jafnaði 48 til 100 tilraunir.

Heimild: Fánýtur fróðleikur



Skráðu eign þína í sölu hjá okkur og auglýstu frítt

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti. **Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.



heimili
FASTEIGNASALA



Ármúla 19 – Sími 575-8500 Pálmi Almarsson, lögg.fasteignasali

MJÖG MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR Á SKRÁ

Vegna mikillar sölu vantar okkur eignir á skrá. Höfum á skrá áhugasama kaupendur sem bíða eftir réttu eigninni. Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu þá sambandi við sölumenn okkar í síma 575-8500
Fasteignamiðlun í 30 ára, fasteignamiðlun.is.



Íbúðin er þriggja herbergja og henni fylgja sameiginlegt þvottahús, hjóla- og vagnageymsla og sérgeymsla.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Hjallahlíð - 270 Mosfellsbær

Opið hús mánudaginn 27. september frá 18:00 til 18:30

• 272 fm einbýli með 4 svefnherbergjum

• 2600 fm lóð með möguleikum

• Frábær staðsetning – sveit í borg

Verð 54,9 milljónir



Upplýsingar veitir Pórarinn Thorarson í síma 770 0309

LANDMARK

FASTEIGNASALA

www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholt 4
Löggiltir fasteignasalar Magnús Einarsson og Sigurður Samúelsson

Endaíbúð í litlu fjölbýli

Fasteignasalan Miklaborg er með á skrá íbúð í litlu fjölbýli við Skálagerði 13 í Reykjavík.

Fasteignin er þriggja herbergja endaíbúð á annarri hæð, 63 fermetrar ásamt 4,7 fermetra sérgeymslu, alls birt stærð 67,7 fermetrar.

Sameiginlegur inngangur er í húsið, en íbúðin sjálf skiptist niður með eftirfarandi hætti: Parketlögð forstofa, parketlagt hjónaherbergi með skápum og flísalagt baðherbergi með sturtuklefa, innréttingu og glugga. Þá er eldhús með innréttingu, litlum borð-

króki og gluggum á tvo vegu og stofa er parketlögð og með útgangi á svalir. Þá er óupptalið lítið parketlagt herbergi, sameiginlegt þvottahús í kjallara, hjóla- og vagnageymsla og sérgeymsla.

Íbúðinni fylgir ekki fatahengi í forstofu og hillur í geymslu. Ytra byrði hússins fer að þarfnast viðgerða.

Þess má geta að fasteignina er hægt að skoða betur inni á vefsíðu Mikluborgar, www.miklaborg.is, í Inn-liti, þar sem eru grunnteikningar og myndir af hverju rými fyrir sig.



Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Kvíslartunga 39 og 41 - 270 Mosfellsbær



250,6 m² parhús átveimur hæðum með bílskúr við Kvíslartungu í Mosfellsbæ. Húsið er skráðsamtakvæmt FMR. 217,7 m² og bílskúrin 32,9 m². Húsið sem er timbureiningahús er tæplega fókelt í dag og afhendist í núverandi ástandi. Byggingarefni og einangrun sem er í húsinu og fylgir það með í kaupnum. V. 23,9 m. 5010

Reykjabyggð - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt og velbyggt 144,- fm einlyft einbýlishús ásamt 53 fm bílskúr sem er nýttur að hluta sem íbúðarrými. Undir bílskúrnum er 53 fm kjallari. Húsið er því alls 250 fm á 860 fm verðlaunalóð með stórra verönd, heitum potti, stórra hellulagðri uppithaðri innkeyrslu. V. 57,0 m. 3530



Litlirkriki - 270 Mosfellsbær
Glæsilegt og vel skipulagt 295,1 fm einbýlishús á tveimur þöllum með tvöföldum bílskúr við Litlirkrika í Mosfellsbæ. Húsið er mjög fallegt og mikið lagt í frágang innandyra, lýsing er hönnuð af Lúmetx, hnotuparket og flísar eru á gólfum, innréttingar eru frá JKE Design og vönduð tækni í eldhúsi. V. 62,5 m. 4485



Kvíslartunga - 270 Mosfellsbær
Fallegt 242,6 m² parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu. Á jarðhæð er forstofa, eldhús, borðstofa, stofa, gestasalerni og bílskúr. Á annari hæðinni eru 3 barnaherb., gott hjónaherb., þvottahús og stórt baðherb. með risasturtuklefa. Húsið stendur innst í botnlanga með útsýni til austurs, suðurs og vesturs. V. 47,5 m. 4902



Hjallahlíð 11 - 270 Mosfellsbær
Mjög fallegt 174,6 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Hjallahlíð 11 í Mosfellsbæ. Fallegar og vandaðar innréttingar og gólfefni. Timburverönd og gróinn garður í suður. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla, sund og á gólfvöllinn í Mosfellsbæ. V. 39,9 m. 4996



Miðholt - 270 Mosfellsbær
Hagstæð 94,8 m², 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli við Miðholt 7 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi m/sturtu, þrjú svefnherbergi, borðstofu, stofu, eldhús og búr. Stutt í alla þjónustu í miðbæ Mosfellsbæjar sem og á Varmáskólavæðid. V. 19,4 m. 4562



Eyjabakkí - 109 Reykjavík
Falleg og mikið endurnýjuð 89 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Eyjabakka 28 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi, eldhús, tvö svefnherbergi, stofu og borðstofu. Sér geymsla er í kjallara. Áhvilandi er ca. 19,7 m á hagstæðum vöxtum hjá íbúðalánásjóð! V. 19,9 m.



Blesabakkí - Hesthús
82,4 m², 11 hesta hesthús í 3 eininga hesthúsi við Blesabakka 4 í Mosfellsbæ. Um er ræða 70,4 m² endabil, ásamt 12 m² hlöðu í 3 eininga hesthúsi – húsið var allt endurnýjað að innan. 5 rúmgóðar 2ja hesta stíur og ein eins hesta. Kaffistofa, hlaða og stórt gerði. V. 13,9 m. 3548



Hjarðarholt - Meðalfellsvatn
Fallegt 88,0 m² einbýlishús á 3.000 m² útsýnislóð rétt við Meðalfellsvatn í Kjósinni. Húsið skiptist í forstofu, tvö góð herbergi með kojum, hjónaherbergi, baðherbergi með sturtu, eldhús og stofu. Stór verönd er við húsið að sunnan og vestanverðu og lóðin er gróin og falleg. Mjög mikið útsýni er frá húsinu. V. 25,9 m. 4892



Frostafold - 112 Reykjavík
Vel skipulögð 59,8 m², 2ja herbergja íbúð á annari hæð við Frostafold 21 í Reykjavík. Eigninni fylgir 9,2 m² sér geymsla á jarðhæð. Falleg og björt eign með mjög stórum svölum í suður. Frábær staðsetning! Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. Lækkað verð! V. 14,9 m. 4960



Fiskavísl - 110 Reykjavík
Rúmgóð 151,8 m² íbúð á 1. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 31,2 m² bílskúr við Fiskavísl í Reykjavík. Skipti óskast á stærra raðhúsi/parhúsi eða einbýlishúsi í sama hverfi. V. 34,9m. 4870



Lækjargata - 220 Hafnarfjörður
Björt og mjög falleg 75,1 m², 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í þriggja hæða lyftuhúsi miðsvæðis í Hafnarfirði. Falleg eign, fallegar innréttingar og skápar, góð gólfefni. Sér inngangur af svölum. Stutt í skóla, leikskóla, verslanir og alla þjónustu. Áhvilandi er ca. 19,4 m. á hagstæðum vöxtum hjá Arion banka. V. 19,9 m.



VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479
Opið virka daga frá kl. 9-17



Ingólfur Gissurarson s: 896-5222 Lögg.fast.Sali.
Bárður Tryggvason s: 896-5221 sölustjóri
Heiðar Friðjónsson s: 693-3356 Lögg.fast.Sali.
Ellert Róbertsson s: 893-4477 sölumaður
Halla Unnur Helgadóttir s: 824-5045 Lögg.fast.Sali.
Sigþór Bragason s: 899-9787 Lögg.fast.Sali.
Jón Rafn Valdimarsson s: 695-5520 Lögg.fast.Sali.
Margrét Sigurgeirsdóttir s: 866-1515 skrifstofustjóri.
Pétur Jóhannsson Sölum. Snæfellsbæ/nes Sími:893-4718
Pórarinn Friðriksson Sölum. Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

Höfum ýmsar gerðir eigna á skrá. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

Eldri borgarar



Lækjarbrún - Hveragerði - Við heilsuhælið.
Gott vel skipulagt ca 100 fm raðhús á einni hæð í nánast viðhaldslaus. Íbúar hafa aðgang af þjónustu við Heilsuhælið, m.a. sundaug og fæði. V. 24,5m. uppl. Ellert 893-44



Bólstaðarhlíð - Með bílskúr
Þjónustubúð m. bílskúr fyrir 60 ára og eldri alls. 43 fm. Svefnherbergið m. rúmgóðum skápum. Eldhús m. miklu skápláss. Yfirbyggðar svalir (ca.12fm) V. 17,9m. Sigþór S: 899-9787



Vesturgata - laus strax.
Mjög góð sérlega vel staðsett í þessu vinsæla húsi við Vesturgötu. V. 19,9. uppl. Ellert 893-4477

Stærri eignir



Ennishvarf - Glæsilegt einbýli með útsýni
Glæsilegt 249 fm einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Ennishvarf í Kópavogi. Hús í toppstandi. Stór pallur, ekkert gras, grillskýli og heitur pottur. Þetta er eign fyrir vandláta. Möguleiki á skiptum á minni eign. Verð 79 millj. uppl. Heiðar s:693-3356



Marargrund - Tækifæri, gott verð !
218 fm einbýlishús á góðum stað í Garðabæ sem þarfnast lagfæringar að utan en í góðu ásigkomulagi að innan. Fjögur svefnherbergi, stór stofa og eldhús. Bílskúr er orðin hrörlegur og þarfnast töluverðar endurbóta. V. 33,9 millj. Jón Rafn S: 695-5520



Skógarhæð - einb. í sérfl.
Stórglæsilegt 205 fm einbýlishús á 1 hæð á fráb. stað í grónu hverfi. Massíft parket. Vandaðar innréttingar. Glæsilegur verðlaunagarður. Eign sem fengið toppviðhald að utan sem innan. verðlaunagata. V. 62,9 m. Bárður í 8965221



Æsuborgir - Glæsilegt parhús
Glæsilegt 178,4 fm parhús á frábærum stað við Æsuborgir í borgarhverfi Grafarvogs. Frábært útsýni út á sundin og upp á Snæfellsnes. 4- svefnherbergi, bílskúr og tvö baðherbergi. Eigendur eru að leita að góðri 4ra herb. íbúð. Heiðar í s:693-3356



Tjarnarlöt - Garðabæ - Glæs. einbýli
Glæsilegt 227,8 fm vel staðsett einbýlishús við Tjarnarlöt í Garðabæ. Húsið er tölvert endurnýjað og er í góðu ástandi. Garður í suður. Verð 69 millj. Möguleiki á skiptum á ódýrari eign. Allar frekari uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.



Bæjargil - Garðabæ
Í einkasölu fallett 5 herbergja raðhús á fráb. barnvænnum stað. 4 rúmgóð svefnherb. Flott skipulag. Nýl. veglegur sólþallur á baklód. Verð 41,7 millj. Áhv. ca 31 millj. íbúðarlán frá Íslandsb. Uppl. veitir Bárður í 896-5221 eða Ingólfur í 896-5222.



Digranesvegur - hagstætt verð
Í einkasölu 220 fm einbýli á 2 h. og stendur á skemmtilegum útsýnisstað mót suðri í grónu hverfi í Kóp. 5 svefnherberb. Nýlegt parket. Fallett útsýni. Verð 36,9 m. Uppl. Bárður 896-5221



Glæsilegt 200 fm parhús við Fannafold
Gott 200 fm parhús við Fannafold. Á efri hæð eru stofur eldhús, snyrting og bílskúr. Á neðri hæð eru 3-svefnherbergi, baðherbergi, þvottarhús og rúmgótt sjónvarpsrými. Eigendur eru að leita að 3ja til 4ra herb íbúð með bílskúr í Grafarvogi/Grafarholti. verð 41,9. Uppl. Heiðar s:693-3356.



Nýbyggingar



Gulaping - Nýtt glæsil.raðh.
Nýtt frábært skipulagt 240 fm raðhús úti við óbyggð svæði með glæsil. útsýni yfir Elliðaárvatn, Esjuna og fl. Vönduð eign. Selst fullb. utan, fokhelt innan (eða lengra komið, skv. samkomul.). Ásett verð 37 m. / tilboð. Skipti mögul. á ód., minni eign. Uppl. gefa Ingólfur 896-5222 eða Bárður 896-522



Búðavað - Parhús.
Eigum bara eitt hús eftir af þessum skemmtilegu parhúsum við Búðavað. Húsið afh. strax með öllum milliveggjum, gólfhiti komin, að utan er húsið fullbúið með hellulögðu plani með hita. Mögul að taka íbúð upp í. Nánari uppl. Ellert 893-4477 eða Heiðar 693-3356



Friggjarbrunnur - fjögur hús.
Sérlega vel staðsett raðhús á frábærum útsýnisstað. Húsin eru frá 224 til 254 fm og afhendast fullbúin að utan en fokhelt að innan eða lengra komin, t.d. með milliveggjum og gólfhita. Mögul. að taka íbúð upp í hvert hús. Verð. frá 29,9 m. Ellert 893-4477

Hæðir



Heiðarhjalli - Gott útsýni
109,7 fm hæð ásamt 27 fm bílskúr. Frá stofu er útg. á sólrikan pall. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Baðherb flisalagt, baðkar ásamt sturtu, þvottahús. V. 33,5 m. Uppl Jón Rafn S: 695-5520



Laugarásvegur - skipti á minni.
Góð mikið endurnýjuð ca. 130 fm efri hæð ásamt ca 35 fm bílskúr. Glæsilegt útsýni, frábær staðsetning. V. 36,8m. Nánari uppl. Ellert 893-4477



4ra til 5 herb




Kópahlind 3
Falleg 5 herbergja íbúð, 126 fm á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi á frábærum stað í Lindahverfinu. 4 svefnherbergi. Örstutt í skóla og leikskóla. Fallett útsýni. Verð 30,7 m. Uppl. Pórarinn 844-6353.




Ljósheimar - glæsil.útsýni-Laus strax.
Velskipul. 102 fm endaib. á 7. hæð (efstu) í velstaðsettu lyftuhúsi. Örstutt í alla verslun, þjónustu, Laugardalinn og fl. 3 svefnherb., séringgangur af svölum. Nýlegt eldhús + bað endurn. Skuldlaus. Laus strax. Verð 20,6 m. Uppl. Ingólfur 896-5222



Galtalind - flott íbúð
Gullfallett 125 fm íbúð með glæsil. útsýni í 5 íbúða húsi. Efta hæð, stórar suðvestursvalir. 3 rúmgóð svefnherb. Flott eldhús. Parket. Sérþvottahús, gott hús, fin sameign. Eign fyrir vandláta. V. 28 millj. Uppl. veitir Bárður 896-5221



Ljósheimar - Þarfnast standsetn.
Ágæt 91 fm 4ra herb. íb. á 2.hæð í góðu lyftuhúsi. Íbúðin þarfnast einhverjar standsetningar. Er í leigu m. 3ja mánu upps.fr. Verð 17,2 m. Uppl. gefa sölumenn.



3ja herb

Tröllakór - 100% yfirtaka - ný íbúð.
Nýl. glæsilegt 104 fm íb. á 3.hæð (efstu) í glæsil. lyftuhúsi á rólegum stað ásamt staði í bílskýli. Vandaðar eikarinnr., þvottahús í íb. séringgangur af svölum, stórar suðvestur svalir. Íbúðin fæst keypt gegn yfirtöku á hagstæðu láni frá Arion banka 24,9 m. Uppl. Ingólfur 896-5222.



Kársnesbraut - hæð m. bílskúr
Velskipul. 90 fm 3-4ra herb. íb. á 2.hæð, ásamt 26 fm bílskúr. Suðvestur svalir, fallett norður útsýni, þvottahús í íb., TV hol, 3 herbergi, gott eldhús, parket og fl. Verð 22,7 m. Uppl. Ingólfur 896-5222



Suðurvammur Hfj. Góð íb. m. bílskúr
